



56. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
föstudaginn, 12. september, 2003, kl. 13:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis.
3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2003.
4. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
5. Yfirlit úr aðalbók 2003.
6. Vinnuferli fjárhagsáætlunargerðar.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.
 - a. Málefni Særúnar rædd. Bæjarráð ítrekar fyrri bókun sína frá fundi 31. júlí 2003.
2. Bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis.

Lagt fram til kynningar en þar er sveitarstjórnarmönnum gefin kostur að eiga fund með nefndinni. Bæjarráð felur bærstjóra að undirbúa erindi bærstjórnar fyrir fundinn.
3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2003.

Ráðstefna sveitarfélaganna verður haldin 5. og 6. nóvember 2003 á Nordica Hótel í Reykjavík. Bæjarráð samþykkir að kjörnir bærjarfulltrúar sækji ráðstefnuna ásamt bærstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs.
4. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Jöfnunarsjóður samþykkti á fundi sínum hinn 28. ágúst sl. að heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga hækki úr 1.700 mkr. í 1.900 mkr. Blönduósbær fær úthlutað útgjaldajöfnunarframlag vegna ársins 2003 kr. 19.516.228 kr.
5. Yfirlit úr aðalbók 2003.

Lagt fram til kynningar. Bærstjóri fer yfir yfirlitið með bæjarráði á næsta fundi.
6. Vinnuferli fjárhagsáætlunargerðar.

Lagt fram til kynningar.



7. Önnur mál.

- a. Ágúst Þór leggur fram eftirfarandi fyrirspurn vegna framkvæmda á verklagsreglum húsnæðisnefndar. “Hver annast eftirlit með framkvæmd reglnanna, m.a. að viðkomandi hafi gengið frá lögheimilisflutningi við afhendingu leiguíbúðanna?” Skriflegt svar óskast á næsta fundi.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið.

Hjördís Blöndal (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)